



Myndasýrpa á bls. 7

Hundruð hlaupara tóku þátt í Kerlingarfjöll ULTRA

Utanvegahlaupið Kerlingarfjöll ULTRA var haldið í þriðja sinn laugardaginn, 25. júlí sl. Keppendur spreyttu sig á þremur hlaupaleiðum á miðhálandinu og tókust á við krefjandi aðstæður með bros á vör.

„Viðburðurinn gekk vonum framár og það er gaman að geta haldið þessa hlaupaveislu á hálandi Íslands ár eftir ár. Við erum hæstánægð með hlaupið og vel heppnað samstarf við Umhverfisstofnun, Björgunarsveitina Eyvind og Björgunarsveit Bláskógabyggðar, hlauparana og alla okkar frábæru samstarfsaðila.“ segir Katrín Steinunn Antonsdóttir, einn skipuleggjenda hlaupsins Kerlingarfjöll ULTRA.

Hlaupaleiðirnar voru 12 kílómetrar, 22 kílómetrar og 60 kílómetrar og var fjölmennust þátttaka í 22 kílómetra hlaupinu, en þar voru 211 hlauparar ræstir út.

Það var töfrandi stemning á hálandinu allan daginn, enda fjöldi hlaupara og aðstandenda saman komnir í Kerlingarfjöllum.

Hlaupaleiðirnar lágu um margar af perlum Kerlingarfjalla og má þar helst nefna hina

mögnuðu Hveradali og Kerlingu, sem fjallgarðurinn dregur nafn sitt af. Á leiðinni er útsýni yfir miðhálandið og jöklana tvo sem fjallgarðurinn liggur á milli, Hofsjökul og Langjökul. Heildarhækkun í 60 km leiðinni, er um 2.100 metrar og þar munar mest um Sléttaskarð á milli Ögmundar og Hattar sem hlauparar klífa eftir um 34 km hlaup.

Í fyrsta sæti í 60 km keppni karla var Helgi Halldórsson á tímanum 06:55:16 og í kvennaflokki var það Simona Vareika- ité sem fór með sigur af hólmi á tímanum 08:07:59. Í 22 km vegalengdinni var það Sigurjón Ernir Sturluson sem sigraði karlaflokkinn á tímanum 02:00:20 og Aðalheiður Ármannsdóttir sem sigraði í kvennaflokki á tímanum 02:30:40. Í 12 km voru það Marínó Valdimarsson og Halldóra Arnardóttir sem sigruðu karla- og kvennaflokk, á tímum 01:20:36 og 01:18:57. Frekari úrslit má nálgast á timataka.is.

Markmið skipuleggjenda er ávallt að verja viðkvæmt landslagið og því er hlaupið skipulagt í nánu og góðu samstarfi við Um-

hverfisstofnun. Mikið er lagt upp úr því að lágmarka áhrif á umhverfið og landslag svæðisins, enda fer hlaupið fram á friðlýstu náttúruverndarsvæði. Keppendur voru sérstaklega minntir á að hlaupa ekki utan stíga, bæði fyrir hlaup og í brautinni sjálfri, og eins var það tryggt að hlauparar bæru með sér rusl á milli drykkjarstöðva svo ekkert sorp yrði eftir úti í náttúrunni. Eins voru gestir hvattir til að sameinast í bíla til að takmarkaágang.

„Íslendingar eiga mikið inni í heimsóknum á miðhálandið og við erum því stolt af því að geta boðið hlaupurum fyrsta flokks gistingu og góða aðstöðu hér í fjöllum og að geta þannig kynnt þennan áfangastað fyrir bæði Íslendingum og erlendum gestum.“ bætir Ingi Þórarinn Friðriksson, forstöðumaður Kerlingarfjalla við að lokum.

Mikil gróska hefur verið í heimi íslenskra utanvegahlaupa undanfarin ár og er Kerlingarfjöll ULTRA orðið fastur liður í hlaupadagatali íslenskra, sem erlendra, hlaupara.

Mynd: Aðsend

SS og HSK endurnýja samstarf til næstu þriggja ára

Sláturfélag Suðurlands og Héraðsambandið Skarphéðinn undirrituðu þriðjudaginn 21. júlí nýjan samstarfssamning til þriggja ára. Þetta er mikilvægur samningur fyrir HSK en með samningnum verður áfram hægt að gefa öllum keppendum HSK sem fara á Unglingalands-

mót UMFÍ treyjur sem merktar eru HSK og SS. Undanfarin ár hafa keppendur HSK vakið athygli fyrir mikla samstöðu á Unglingalandsmótum og hefur skipt miklu máli að þeir hafa verið í samstöðu og merktum treyjum.

Af þessu tilefni var ný treyja

kynnt sem keppendur á Unglingandsmóti fengu afhentar í Selinu sl. mánudag. Þá voru grillaðar SS pylur í tilefni af tímamótum og SS því sýnilegt á vettvangi HSK. HSK þakkar SS kærlega fyrir stuðninginn við ungu keppendur sína og hlakkar til samstarfsins.



Fáðu fagmann í verkið

 Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

 **PIPULAGNIR**
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA URBAN CRUISER

FORSALA
ER HAFIN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

 **Toyota**
Selfossi

Alltaf fundist skemmtilegast að fá fólk til að hlæja

Selfyssingurinn Theodóra Guðnadóttir snýr aftur á heimaslóðir þegar hún stígur á svið á Sviðinu á Selfossi föstudaginn 7. ágúst með uppistandið Byggt á sönnum sögum. Sýningin var frumsýnd í Borgarleikhúsinu í vor og nú hefur Theodóra ákveðið að færa hana fyrir sunnlenska áhorfendur.

Theodóra, sem er 28 ára og fædd og uppalin á Selfossi, býr nú í Reykjavík þar sem hún starfar sem vaktstjóri í miðasölu Borgarleikhússins. Hún segir vinnuna þar hafa verið ómetanlega reynsla og hún sé nú að hefja sitt sjöunda leikár hjá leikhúsinu.

Sannar sögur verða að uppistandi

Uppistandið Byggt á sönnum sögum er, eins og nafnið gefur til kynna, byggt á sönnum

sögum. Handritið er samið af Theodóru sjálfri og hefur handritsgerðin tekið rúmt ár. „Ég er að segja sögur úr mínu lífi sem eru svona frekar fyndnar og skoplegar. Ég geri mikið grín að sjálfri mér og samfélaginu svolítið,“ segir Theodóra í samtali við Dagskrána.

Sýningin er sjálfstætt framhald „Tilvistarkreppu“ sem Theodóra setti upp 2024 í Borgarleikhúsinu.

Í sýningunni veltir hún fyrir sér lífinu á þessum skrítna aldri, 28 ára. Ekki gömul en ekki ung lengur, þetta er millibilsástand; þú átt að vera með plan en ert í raun bara að reyna að halda dampi.

Að skrifa uppistand er þó síður en svo einfalt verkefni. Hugmyndirnar geta komið hvar og hvenær sem er og því reynir hún að vera ávallt tilbúin.

„Ég er eiginlega alltaf með Notes-appið opið í símanum og er líka oft með litla bók þar sem ég skrifa niður punkta. Oft lendi ég í einhverju fyndnu eða sé skondna aðstöðu og þá reyni ég að skrifa það strax niður. Þaðan næ ég að flétta öllu saman í handrit.“

Tilvistarkreppa

Sýningin var sýnd í Borgarleikhúsinu í vor og segir Theodóra að viðtökurnar hafi verið frábærar. Hún hafi jafnframt lengi fengið endalaugar spurningar frá Selfyssingum um hvenær hún hygðist koma með sýninguna heim.

„Ég er frá Selfossi og þekki marga þar, þannig að ég hef endalaust verið spurð hvenær ég ætli að koma og sýna þetta á Selfossi. Þannig að hérna ég er bara að svara kallinu.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún stígur ein á svið með eigið efni. Árið 2024 setti hún einnig upp eigið uppistand, „Tilvistarkreppu“, í Borgarleikhúsinu sem fékk góðar viðtökur. Að þessu sinni naut hún þó aðstoðar Benjamíns, sviðshöfundar og samstarfsmanns í Borgarleikhúsinu, sem hjálpaði henni með leikstjórn og utanumhald sýningarinnar.

Brotinn fótur stoppar Theodóru ekki

Þótt handritið á uppistandinu sé hið sama frá sýningunni í vor hefur bæst við auka áskorun hjá Theodóru. „Ég lenti í því leiðinlega atviki hérna í byrjun júní að fótbrotna. Ég er búin að vera fótbrotin í allt sumar. Alveg frábært sko. Mér fannst það smá svona auka áskorun. En ég losna úr gífsinu



Plakat uppistandsins Byggt á sönnum sögum. Mynd: Aðsend.

rétt fyrir Versló. Ég mun klárlega koma því einhvern veginn í handritið,“ segir hún og hlær.

Þegar kemur að því að stíga á svið viðurkennir hún að fiðringurinn geri vart við sig.

„Ég er ekkert stressuð allan aðdragandann og síðan þegar eru svona tíu mínútur í að ég eigi að fara á svið þá kemur stressið. Svona gott stress. Síðan um leið og ég kem upp á svið þá bara renna allar áhyggjur af mér.

Sýningin Byggt á sönnum sögum verður sýnd á Sviðinu föstudaginn 7. ágúst klukkan 20:00 og er fullkomin upphitun fyrir bæjarhátíðina Sumar á Selfossi. Theodóra segir kvöldið henta vel fyrir þá sem vilja byrja á góðum hlátri áður en haldið er áfram inn í hátíðarstemninguna í hvítu tjöldunum.

Miðasala fer fram á Tix.is og í gegnum heimasíðu Sviðsins.



Theodóra að sýna Byggt á sönnum sögum í Borgarleikhúsinu. Mynd: Aðsend.



Theodóra og systir hennar, Elísabet Auður. Mynd: Aðsend.



Theodóra Guðnadóttir. Mynd: Aðsend.

Samið um ofurheitan hita

Jarðboranir hf. hafa undirritað samning við Orkuveituna um borun á fyrstu rannsóknarholunni í þriðja áfanga rannsóknarverkefnisins IDDP, en með því er leitað nýrra leiða til nýtingar

á ofurheitum jarðhita.

Stefnt er að því að Jarðboranir hefji borun á Nesjavöllum síðar á þessu ári, en verkefnið, sem gengur undir nafninu IDDP-3, er eitt metnaðarfullsta

rannsóknar- og þróunarverkefni sem ráðist hefur verið í. Markmið þess er að nýta ofurheitan jarðhita, þar sem hiti og þrýstingur er mun hærri og meiri en í hefðbundnum vinnsluholum. Með því skilar hver hola fyrir sig margfalt meiri orku en nú er mögulegt og eykur þannig skilvirnkni og sjálfbærni jarðhitavinnslu.

„Það er okkur mikil ánægja að hafa undirritað samning við Orkuveituna um þessa mikil-

vægu framkvæmd. Verkefnið á sér langa sögu, en þegar hafa verið boraðar tvær djúpborunarholur sem gera okkur kleift að nálgast þennan þriðja áfanga með borun á Nesjavöllum með mikilvæga þekkingu í farteskínu. Áhugi á ofurheitum jarðhita hefur aukist verulega á undanförunum árum, enda getur slík nýting umbylt allri orkuvinnslu, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Við tökumst á við þetta stóra verkefni með tilhlökkun

og reynslumikið starfsfólk okkar er tilbúið að hefjast handa við þennan tímamótaáfanga,“ segir Sveinn Hannesson, forstjóri Jarðborana.

Jarðboranir hafa um árabíl verið í fararbroddi á þessu sviði, bæði hér og víða erlendis og starfsfólk fyrirtækisins hlakkar til samstarfs við þá aðila sem að IDDP verkefninu koma; Orkuveituna, Landsvirkjun, HS Orku og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

ADALSKOÐUN
Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Ekki gíska hvað er að,
komdu frekar í skoðun



Mynd: Einar Örn Jónsson/Orkuveitan



TAKK fyrir stuðninginn!

Stuðningur ykkar var ómetanlegur!

Þessi frábæru fyrirtæki studdu við nemendur Dansakademíunnar í æfinga- og keppnisferð á Dance World Cup í sumar



Gröfupjónusta Steins • Jón Valgeir • Box 800 • Mathofið

Veldix • Landstólpi • Galleri Ozone • Carbfíx • 800 Lagnir • HS Orka
Tannlæknastofa Þorlákshafnar • Menam Thai • Menam Dim Sum • Nautás

Sólheimasetur • Vélsmiðja Ingvars Guðna • Rotovia • Kjörís

Verkís Verkfræðistofa • Hótel Klaustur • Gröfutækni • Hótel Selfoss

Almar Bakari • Gæðabakstur • SG Hús • Eyvindartunga • Óli Píp • Héraðsskólinn • Myllan • Nettó
Stjörnugrís • Hótel Vatnsholt • ÓJK-Ísam • Lindin Tískuverslun • Litla Garðbúðin • Bókakaffið • Hjarðarból

Fyrstu veggeiningar nýs leikskóla á Hellu reistar

Framkvæmdir við nýjan leikskóla á Hellu taka nú á sig sífellt skýrari mynd en uppsetning fyrstu veggeininganna er hafin. Undirstöður leikskólans eru nú þegar vel sjáanlegar og með uppsetningu veggjanna hefst nýr og áberandi áfangi í framkvæmdunum.

Nýr leikskóli er eitt stærsta og mikilvægasta uppbyggingarverkefni Rangárþings ytra en samhliða því að verið er að ljúka við skólabygginguá Hellu, um-

hverfi gervigrasvallar og frjalsíþrótasvæði í bígerð. Einnig eru framkvæmdir í leik- og grunnskólanum á Laugandi.

Leikskólinn mun gjörbreyta aðstöðu barna og starfsfólks með nútímalegu, rúmgóðu og vel búnu húsnæði sem styður við öflugt leik- og skólastarf og skapar betri vinnuaðstæður. Jafnframt mun nýja húsnæðið gera sveitarfélaginu kleift að mæta vaxandi þörf fyrir leikskólapláss til framtíðar.

Í tilkynningu frá sveitarfélaginu segir að framkvæmdir hafa gengið vel og eru samkvæmt áætlun. Gert er ráð fyrir að byggingin verði fókheld fyrir áramót og að nýr leikskóli taki til starfa um áramótin 2027–2028.

Meðfylgjandi myndir sýna uppsetningu fyrstu veggeininganna ásamt yfirlitsmyndum af framkvæmdasvæðinu. Myndir: Aðsendar.



Skrifað undir samninga um úrgangspjónustu við Terra ehf.

Skrifað var undir samning um úrgangspjónustu við fyrirtækið Terra ehf. þann 22. júlí sl. Terra tekur þá að sér alla úrgangspjónustu fyrir bæði íbúa og stofnanir bæjarins. Það voru þeir Ingimar Guðmundsson bæjarstjóri Hveragerðisbæjar og Gísli Þór Arnarsson Framkvæmdarstjóri Terra ehf sem skrifuðu undir. Samningurinn tekur gildi þann 1. ágúst 2026 og gildir til næstu þriggja ára en með möguleika á framlengingu í fimm ár, eitt ár í senn.

Terra ehf hefur starfað að úrgangs- og endurvinnslumálum frá árinu 1984 og er í dag eitt stærsta fyrirtæki á því sviði á Íslandi. Fyrirtækið vinnur með, einstaklingum, opinberum að-

ilum og fyrirtækjum að úrgangsmálum þar sem áhersla er lögð á umhverfisvæna úrgangsstjórnun með það að markmiði að koma öllum þeim efnum sem falla til í viðeigandi farveg.

Almenningur ætti að verða lítið var við breytingarnar þar sem ekki verður skipt um tunnur eða gerðar aðrar sýnilegar breytingar á þjónustunni. Tæming á almennt sorptunnu og lífrænum úrgangi færir þó fram um eina viku, úr 17.-18. ágúst yfir á tímabilið 10.-14. ágúst.

Ein breyting á fyrirkomulagi þjónustunnar er sú að Terra ehf. áskilur sér allt að fimm virka daga til að tæma hvern úrgangsflokk. Gert er þó ráð fyrir að tæming fari að jafnaði fram

á um tveimur dögum, en hún getur átt sér stað hvenær sem er innan þess tímabils.



Gísli Þór Arnarsson Framkvæmdarstjóri Terra og Ingimar Guðmundsson bæjarstjóri Hveragerðisbæjar takast í hendur við undirritun. Mynd: Hveragerðisær.



Einföld og þæginnleg taco sem hitta alltaf í mark

Matgæðingur vikunnar er Vignir Þór Sigurjónsson.

Ég vil þakka Rúnari Helga a.k.a Mixaranum fyrir þessa skemmtilegu áskorun. Þetta er einfaldur og fjölskylduvænn taco-réttur sem fær smá auka lyftingu með því að baka taco-skeljarnar með hakki og osti í ofni. Ferska salsað gefur síðan réttinum skemmtilegt mótvægi með fersku og léttu bragði.

Aðferð
Byrjið á að steikja hakkið á pönnu og kryddið með taco-kryddi. Steikið þar til hakkið er vel brúnað og tilbúið. Raðið taco-skeljunum þétt saman í eldfast mót svo þær standi vel. Setjið steikta hakkið ofan í hverja skel og stráðið síðan góðu lagi af rifnum osti yfir. Setjið mótið inn í ofn og bakið þar til osturinn er bráðinn og orðinn fallega gullinn.

- Hráefni**
- Taco**
1 pakki af hörðum taco-skeljum
1 pakki af nautahakki
1 poki taco-krydd
Rifinn ostur eftir smekk
Ferskt salsa
3–4 tómatar
½ rauðlaukur
1 avókadó
1 lime
Salt og svartur pipar eftir smekk
Meðlæti
Salsa-sósa
Sýrður rjómi

Ferskt salsa
Skerið tómata, rauðlaukinn og avókadóið í litla bita og setjið saman í skál. Kreistið ferskan limesafa yfir og blandið öllu varlega saman svo avókadóið haldi lögun sinni. Kryddið með salti og nýmöluðum svörtum pipar eftir smekk. Látið salsað standa í nokkrar mínútur áður en það er borið fram svo bragðið nái að blandast vel saman. Berið taco-in fram heit og stökk, beint úr ofninum, með ferska salsanu, salsa-sósu og góðri skeið af sýrðum rjóma.

Verði ykkur að góðu!

Ég ætla að skora á mikinn matgæðing Baldur Bjarka Jóhannson, Hann talar mikið um hæfileika sýna í matargerð og núna þarf hann að standa undir nafni.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Prentun: Prentmet Oddi

Gáta vikunnar

Svepp, sem tíni í matinn minn, mann, sem sól ei tekur. Skjóttur happahestur þinn, hár á Trump, sem rekur.

Svar við gátu í blaði 2862: **LAGNING**
Hárgreiðsla, **LAGNING**. neta**LAGNING**.
Síma**LAGNING** (þegar lagt er fyrir síma)
Vega**LAGNING** (þegar vegir eru lagðir))





prentmet oddi
heildarlausnir í prentun

Prentmet Oddi ehf. | Gagnheiði 17, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is



MÁLMIÐJAN

Stálheiðarleg opnunartilboð á bárujárnni

Ólituð bára 0,6 mm

1990 kr.

m² með vsk.

Lituð bára 0,6 mm

2990 kr.

m² með vsk.

MÁLMIÐJAN breytir leiknum!

Hagstætt verð

Með nýrri framleiðslutækni og sjálfvirkni er vara framleidd á hagkvæmari máta en áður. Þið fáið verð strax á sölusíðu félagsins, pantið og fáið uppgefinn afhendingartíma.

Stuttur afhendingartími

Framleiðslubúnaður félagsins er nýr og afkastamikill. Við **afhendum pantanir á 2–3 virkum dögum** frá staðfestingu.

Auðvelt að panta

Vefverslun félagsins er notendavæn og þægileg, og þið getið fylgst með stöðu pantana í rauntíma, flokkað pantanir niður á verk og verkstaði.

Framúrskarandi efnisgæði

Hráefni Málmiðjunnar er frá Baosteel, stærsta og framsæknasta stálframleiðanda í heimi. Stálið sem við notum í klæðningar er í háum gæðaflokki.

Skoðaðu málminn

malmidjan.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið húsÞriðjudagar kl. 11-13
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkiðMiðvikudagar kl. 11-14
Opið húsFimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13
Opið húsFyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, SelfossiSími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smárarnir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 -
Sporafundur - KonurSveitarfélög um allt land krefjast svara
um framtíð heilbrigðiseftirlitsins

Alþingi hefur samþykkt umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Með breytingunum flytjast meginverkefni núverandi heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga til ríkisins, annars vegar til Umhverfis- og orkustofnunar og hins vegar til nýrrar Stofnunar atvinnuveganna. Þrátt fyrir að lagasetningunni sé lokið eru enn mörg grundvallaratriði óljós

um framkvæmd breytinganna, ábyrgð, kostnað og þjónustu við íbúa og atvinnulíf.

Landshlutasamtök sveitarfélaga um allt land telja brýnt að ráðuneytin svari því án tafar hvernig staðið verður að framkvæmd breytinganna. Sveitarfélög bera lögbundna ábyrgð gagnvart íbúum sínum og þurfa að geta undirbúið næstu skref á traustum forsendum. Í dag er hins vegar mörgum lykilsþurningum enn ósvarað.

Hér er um að ræða stórt yfirfærsluverkefni sem krefst mikils samráðs. Landshlutasamtök sveitarfélaga víða um land hafa óskað eftir samtölum við ráðuneyti og stofnanir sem að málum koma án þess að fá fullnægjandi svör um næstu skref. Þessari grein er ætlað að vekja athygli á nokkrum af þeim spurningum sem enn er ósvarað.

Hver ber ábyrgð á starfsfólki og skuldbindingum?

Ein stærsta óvissan snýr að starfsfólki heilbrigðiseftirlitanna. Ekki hefur verið skýrt hvort allt núverandi starfsfólk flytjist yfir til nýrra ríkisstofnana. Sveitarfélög þurfa að vita hver beri ábyrgð á uppsagnarkostnaði, lífeyrisskuldbindingum og öðrum starfsmannatengdum réttindum ef ekki verður um beina yfirfærslu að ræða.

Á sama tíma þarf að skýra hvernig farið verður með húsnaði, bifreiðar, tækjabúnað, tölvukerfi, skjalasöfn, samninga og aðrar eignir sem byggðar hafa verið upp af sveitarfélögum í áratugi. Enn liggur ekki fyrir hvernig slíkt uppgjör verður framkvæmt eða hver greiðir þann kostnað sem af því hlýst.

Jafnframt þarf að skýra hvernig stofnanir sem um ræðir hyggjast byggja upp öflugar starfsstöðvar um allt land til að sinna þeim verkefnum sem falla undir þeirra hlutverk.

Hver greiðir fyrir yfirfærsluna?

Fram undan er umfangsmikið verkefni við að flytja gögn, málaskrár, eftirlitssögu, leyfi, samninga og önnur stjórnsýslugögn á milli kerfa. Heilbrigðiseftirlit víða um land hafa þegar bent á að þessi vinna verði bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Samt hefur ekki verið gerð grein fyrir

því hver eigi að bera þann kostnað eða hvernig tryggt verði að gögn skili sér til réttra stofnana og sveitarfélaga.

Sveitarfélög geta ekki sætt sig við að ákvörðun ríkisins leiði til þess að kostnaður vegna framkvæmdarinnar lendi sjálfkrafa á þeim. Það þarf að liggja skýrt fyrir áður en breytingarnar taka gildi.

Hvaða verkefni verða eftir hjá sveitarfélögunum?

Þótt meginhluti eftirlitsverkefna flytjist til ríkisins er ljóst að sveitarfélög munu áfram bera ábyrgð á ýmsum verkefnum. Bráðabirgðagreiningar benda meðal annars til þess að sveitarfélög muni áfram sinna verkefnum tengdum staðbundnum samþykktum, umgengni á lóðum, úrgangsmálum, gæludýrahaldi, fráveitum, loftgæðum, hávaða, vatnsvernd og ýmsum nærumhverfismálum.

Enn hefur hins vegar ekki verið birt tæmandi og bindandi yfirlit yfir hvaða verkefni verða áfram í höndum sveitarfélaga. Ekki liggur heldur fyrir hvernig þau verða fjármögnuð eða hvaða stjórnvaldsheimildir sveitarfélög hafa til að sinna þeim.

Þjónustan má ekki fjarlægjast fólkið

Heilbrigðiseftirlitin hafa í áratugi starfað í nánú sambandi við íbúa, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög um allt land. Sérstaða þeirra hefur falið í staðþekkingu, stuttum boðleiðum og hröðum viðbrögðum þegar upp koma mengunarmál, vatnsmál, matvælaöryggismál eða önnur verkefni sem snerta daglegt líf fólks.

Sveitarfélög kalla því eftir skýrum svörum um hvernig ríkið hyggst tryggja að þjónustan verði áfram samfelld og aðgengileg í nærumhverfi fólks. Jafnframt þarf að liggja fyrir hvort gjaldskrár muni hækka og hvort rekstraraðilar og sveitarfélög megja búast við auknum kostnaði vegna þess að tvær ríkisstofnanir taki við verkefnum sem áður voru á hendi eins aðila.

Kallað eftir skýrum svörum Landshlutasamtök sveitarfélaganna eru sammála um að breytingar af þessari stærðargráðu kalli á gagnsæi, skýra verkáætlun og opna upplýsingagjöf. Enginn dregur í efa mikilvægi þess að stjórnsýslan þróist og taki breytingum. Hins vegar verður slík þróun að byggjast á skýrum forsendum og ábyrgri framkvæmd.



Anton Kári Halldórsson formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)

Þess vegna er nú kallað eftir afdráttarlausum svörum frá atvinnuvegaráðuneyti, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og þeim stofnunum sem taka muna við verkefnum. Sveitarfélög, starfsfólk, atvinnulíf og íbúar eiga rétt á að vita hvernig breytingarnar verða útfærðar, hver ber kostnaðinn og hvernig tryggt verður að þjónusta, staðþekking og fagleg geta glattist ekki í ferlinu.

Ef takast á að koma nýju kerfi í framkvæmd um næstu áramót þarf að liggja fyrir skýr og tímasett framkvæmdaráætlun eigi síðar en í haust. Það er ekki aðeins hagsmunamál sveitarfélaga heldur alls samfélagsins.

Fyrir hönd landshlutasamtaka sveitarfélaga á Íslandi:

Anton Kári Halldórsson
formaður Samtaka sunnlenskra
sveitarfélaga (SASS)

Magnús Magnússon
formaður Samtaka sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra (SSNV)

Heimir Örn Árnason formaður
Samtaka sveitarfélaga og at-
vinnuþróunar á Norðurlandi
eystra (SSNE)

Ragnar Sæmundsson formaður
Samtaka sveitarfélaga á Vestur-
landi (SSV)

Hildur Björnsdóttir formaður
Samtaka sveitarfélaga á höfuð-
borgarsvæðinu (SSH)

Jónína Magnúsdóttir for-
maður Sambands sveitarfélaga
á Suðurnesjum (SSS)

Ragnar Sigurðsson formaður
Sambands sveitarfélaga á
Austurlandi (SSA)

Gylfi Ólafsson
formaður Vestfjarðastofu

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Allt fyrir
sumarhúsið
og garðinn

Palla og skjólgirðingar

Viðbyggingar og
breytingarnar

Viðhald og endurbætur

Lýsingar og raflagnir

Jens sími: 778-7171

lögildur húsasmíða og
rafvirkja meistari
jgrettisson@gmail.comRAFVÉLATEKNI
LÖGILTUS RAFVÉRTAKI
Vantar þig rafvirkja?Aðhliða rafvirkta
Sérfræðipækning í stjórnkerfum,
mótorstýringum og vélutengdum lausnumHAFÐU SAMBAND
419-8700 | rvt@rvt.is
www.rvt.is

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Guðsþjónusta verður í
Skálholtsdómkirkju kl. 11:00
sunnudaginn 2. ágúst.
Séra Anna Eiríksdóttir þjónar.
Organisti er Jón Bjarnason.
Verið öll hjartanlega velkomin.Guðsþjónusta verður í
Miðdalskirkju kl. 14:00 sunnu-
daginn 2. ágúst.
Séra Anna Eiríksdóttir þjónar.
Organisti er Jón Bjarnason.
Verið öll hjartanlega velkomin.Hægt er að senda inn fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is

Priðja umferð Íslandsmótsins í Motocross á Höfn

Priðja umferð Íslandsmótsins í motocross fór fram þann 18.júlí síðastliðinn á Höfn í Hornafirði hjá klúbbnum ASK, rúmlega 60 keppendur tóku þátt að þessu sinni, Keppendur frá Ungmennfélaginu áttu þar frábæran dag og voru í verðlaunasetum í fjórum flokkum. Í MX2 flokknum varð það Eric Máni sem sigraði flokkinn, Alexander Adaam varð í öðru sæti í MX1 flokknum, Ísmeal Ísak varð í öðru sæti í unglingaflokk á 125cc og Sindri Steinn Axelsson varð í þriðja sæti í Hobby flokk.

Frábær árangur hjá keppendum frá UMFS. Fjórða og síðasta umferð Íslandsmótsins fer svo fram á Akureyri þann 15. ágúst næst-
UMFS



Mynd: UMFS

Hildur skrifar undir þriggja ára samning

Hin unga og efnilega Hildur Eva Bragadóttir hefur skrifað undir sinn fyrsta samning við knattspyrnudeild Selfoss. Samningurinn gildir til næstu þriggja ára. Hildur lék sína fyrstu leiki með meistaraflokki síðasta sumar og hefur síðan þá fest sig í sessi sem mikilvægur leikmaður liðsins. Í sumar hefur hún leikið flesta leiki liðsins og staðið vaktina í hjarta varnarinnar. Hildur er fædd árið 2011 en hún á að baki landsleiki fyrir bæði U15 og U16 ára landslið Íslands.



Mynd: UMFS

Stór jarðskjálfti við Nesjavelli

Jarðskjálfti af stærð 4,1 mældist við Nesjavelli, norðan við Hengilinn rétt eftir klukkan hálf eitt aðfaranótt mánudags sl. Skjálftinn fannst vel víða um Suðvesturland og hefur honum fylgt minniháttar eftirskjálftavirkni. Samkvæmt upplýsingum

frá Veðurstofu Íslands er þetta stærsti jarðskjálftinn sem mælst hefur á Nesjavallasvæðinu síðan árið 1998, þegar skjálfti af stærð 4,6 varð á svipuðum slóðum. Í tilkynningu frá Veðurstofunni kemur fram að jarðskjálftavirkni á þessu svæði sé algeng.



Kort: Veðurstofa Íslands.

Hundruð hlaupara tóku þátt í Kerlingarfjöll ULTRA



BRAG AF VINÁTTU!



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í **897 4693**
Bókaðu á **UTIADAKA.IS**
„Með þér alla leið“

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800 LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · **pulsinn@pulsinn.com**

GB Hús
NÝSMÍÐI | VIÐHALD | PALLSMÍÐI

**ÖLL ALMENN
SMÍÐAVINNA**

Löggiltir húsasmíðameistarar

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUS@GBHUS.IS

**FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL**

899 0979 848 0964
ÖRN GÍSLI

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska · Gandi · Áreiðanleiki

LAGNALAND

**ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR**

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

prentmet
heildarlausnir í prentun

Umbúðir Almenn prentun Bækur

Límmiðar Stimplar

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

**Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir**



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ **www.trs.is**

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

**LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI**

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575
800 SMÍÐI

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 **lagniroglausnir.is**

**Stíflupjónusta
Sævars Selfossi**

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
**20 ÁRA
REYNSLA**

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.**

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

**VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!**

**DÆLUBÍLAPJÓNUSTA
OG STÍFLULOSANIR**



510 1180 - 669 8441

Hellismýri 14 800 Selfoss **stiflulosun.is**

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is